



ÖLFUS

Loftslagsstefna Ölfus

11 SJÁLFBÆRAR BORGIR
OG SAMFÉLÖG



12 ÁBYRG NEYSLA
OG FRAMLEIÐSLA



13 AÐGERÐIR Í
LOFTSLAGSMÁLUM



15 LÍF Á
LANDI



17 SAMVINNA UM
MARKMIÐIN



Loftslagsstefnan

Loftslagsstefna þessi er unnin í samræmi við lög nr. 70/2012: Lög um loftslagsmál. Í 5.gr.c. þessara laga stendur:

”Stjórnarráð Íslands, stofnanir ríkisins, fyrirtæki í meirihlutaeigu ríkisins og sveitarfélög skulu setja sér loftslagsstefnu. Stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð.”

Að meðtöldum lögum, um loftslagsmál sem grunn að loftslagsstefnu Ölfuss, þá er einnig horft til Umhverfisstefnu og Orku og auðlindastefnu sveitarfélagsins. Notuð er aðferðafræði úr verkfærakistu sveitarfélaga í loftslagsmálum¹, aðferðafræði Grænna skrefa² og horft til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna við gerð þessarar stefnu.

FRAMTÍÐARSÝN

Sveitarfélagið Ölfus tekur loftslagsmálum alvarlega og stefnir að því að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) frá starfsemi sinni. Í gegnum stefnur sveitarfélagsins verður unnið að því að lágmarka þau áhrif sem losunin hefur í för með sér. Loftslagsstefna þessi tekur mið af skuldbindingum íslenskra stjórnvalda gagnvart Parísarsamningnum og loftslagsstefnu Stjórnarráðsins þar sem fjallað er um samdrátt í losun GHL og kolefnishlutleysi. Sveitarfélagið Ölfus tekur þar með virkan þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar.

MARKMIÐ

Yfirmarkmið sveitarfélagsins er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) frá rekstri sínum um að minnsta kosti 40% fyrir árið 2030 miðað við viðmiðunarárið 2019. Sveitarfélagið stefnir jafnframt að kolefnishlutlausri starfsemi árið 2030 með því að kolefnisjafna sína losun gegnum viðurkenndum aðferðum.

GILDISSVIÐ

Stefnan varðar alla starfsemi undir stjórn sveitarfélagsins og starfsfólk þess. Stefnan nær til samgangna á hennar vegum, orkunotkunar, úrgangsmyndunar og umhverfisfræðslu, bygginga, mannvirkja og framkvæmda.

UMFANG

Í töflu 1 eru dæmi um helstu aðgerðir og áherslur sem sveitarfélagið Ölfus mun beita við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og umhverfisáhrifum þeim tengdum. Lögð verður áhersla á fræðslu til starfsmanna og íbúa um hvernig hægt sé að leggja sitt af mörkum til að draga úr losun í öllum þeim áhersluflokkum sem nefndir eru í töflunni. Listinn í töflu 1 er ekki tæmandi, leitast skal við að gera ítarlega og tímasetta aðgerðaráætlun í samræmi við loftslagsstefnu þessa.

¹ [Verkfærakista sveitarfélaga í loftslagsmálum](#)

² [Loftslagsstefna í Grænum skrefum](#)

Tafla 1: Áherslur og aðgerðir við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í Ölfusi.

Áherslur	Dregið úr losun með því að:	Dæmi um mælikvarða	Dæmi um aðgerðir
Innkaup	Draga úr innkaupum og þar með úrgangsmagni, stuðla að grænni innkaupum	Innkaup á helstu vöruflokkum eins og skrifstofuvörum og ræstiefni. Mælieining t.d. magn pr. stöðugildi eða íbúa. Bera saman mælingar milli ára. Hlutfall umhverfisvottaðrar vara.	Kaupa vörur sem eru framleiddar á Íslandi. Kaupa umhverfisvottaðar vörur og/eða vörur gerðar úr endurunnu efni. Kaupa notaðar og/eða endingagóðar vörur. Átak í að minnka matarsóun.
Úrgangur	Auka flokkun og koma efnum í hringrásarhagkerfið og draga þar með úr förgun og sóun.	Vera með greinagóðar árlegar mælingar á úrgangsmagni, helsta viðmið er minnkun á magni sem fer í förgun. Mælieining t.d. magn pr. stöðugildi eða íbúa.	Hvetja til og bjóða upp á góða möguleika til að flokka rétt lífrænan úrgang til moltugerðar og önnur efni til endurvinnslu.
Samgöngur og eldsneytisnotkun	Stuðla að vistvænni samgöngum og minni akstri starfsfólks.	Minni innkaup á eldsneyti. Heildar km í ferðum hjá starfsmönnum sem eru farnar með umhverfisvænum samgöngumáta t.d. gangandi, hjólandi eða með almenningsamgöngum.	Skipta út bílafloata og öðrum vélbúnaði yfir í búnað sem gengur fyrir endurn. orkugjöfum. Innleiða sterkari fjarfundamenningu.
Orkunotkun	Spara rafmagn og heitt vatn.	Heildar orkunotkun, deilt niður á fjölda íbúa og starfsfólk.	Vera með hreyfiskynjara á ljósum stofnana. Vera með led lýsingu. Vera með tíma rofa á notkun á heitu vatni í baðaðstöðu. Nýta affallsvatn þar sem hægt er t.d. frá sundlaug.

EFTIRFYLGNI OG ENDURSKOÐUN

Stefna þessi skal endurskoðuð á hverju kjörtímabili og markmið uppfærð með tilliti til árangurs og tækniþróunar í loftslagsmálum á milli ára. Endurskoðun á stefnunni skal leidd af Skipulags- og umhverfisnefnd Sveitarfélagsins Ölfuss.

Stefna þessi er samþykkt af Skipulags- og umhverfisnefnd Sveitarfélagsins Ölfuss eftir umfjöllun í bæjarstjórn.

Dags.

Undirskrift nefndarmanna: